5.**Fundargerð Atvinnumálanefndar:**
Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 16.11.09. Vegna 5. liðar, Spónaframleiðsla, tekur sveitarstjórn undir með nefndinni um að ekki verði lagt fram hlutfé í verkefnið að svo stöddu. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir því við forráðamenn verkefnisins að Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga leggi mat á verkefnið áður en sveitarstjórn tekur endanlega afstöðu til málsins. Sveitarstjórn tekur undir 4. lið fundargerðarinnar um refaveiðar þar sem harðlega er mótmælt niðurskurði ríkisins til refaveiða. Fundargerðin staðfest.

**6. Drög að samningi um rekstur og ábyrgð á fasteignum Hafralækjarskóla:**
Lögð fram drög að samningi um rekstur og ábyrgð á fasteignum Hafralækjarskóla. Samþykkt.

**7. Nefnd um slökkvilið og eldvarnir:**
Samþykkt að kjósa fulltrúa Þingeyjarsveitar í brunamálanefnd á næsta fundi.

**8. Jafnréttisáætlun:**
Tekin fyrir drög að jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið. Fram komu á fundinum ýmsar ábendingar varðandi einstaka liði í áætluninni. Samþykkt að vísa áætluninni aftur til nefndarinnar ásamt ábendingum.

**9. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2010 – fyrri umræða:**
Frestað til næsta fimmtudags.

***Til Kynningar:***

**A)Fundargerð Sorpsamlags Þingeyinga frá 17.11.09:**
Lögð fram.

**B)Fundargerð VERKNAUST frá 18.11.09:**
Lögð fram.

Fleira ekki gert
og fundi slitið kl. 14:45

Ólína Arnkelsdóttir
Arnór Benónýsson
Garðar Jónsson
Hlynur Snæbjörnsson
Erlingur Teitsson
Margrét Bjarnadóttir
Ásvaldur Þormóðsson

## Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

# Fundarboð

### 39. fundur verður haldinn

**í Kjarna fimmtudaginn 3.12. 2009 kl. 10:30**

***Dagskrá:***

1. Fundarsetning:
2. Verkefnastjóri – umsóknir:
3. Nefnd um slökkvilið og eldvarnir:
4. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2010 – fyrri umræða:

Sveitarstjóri

## Kæru viðskiptavinir og lesendur

Hlaupastelpan kemur út á miðvikudögum allan ársins hring, nema annað sé auglýst sérstaklega

ATH! Auglýsingum þarf að skila á Mánudagskvöldi fyrir útgáfudag í <u>síðasta lagi .</u>

**<u>verðskrá</u>**

Hálfsíða kr. **2.350** m/vsk
Heilsíða kr. **3.440**.– m/vsk

Vinsamlegast athugið skilatíma auglýsinga !!!



# SNYRTIPINNINN AUGLÝSIR

*Opnunartími í desember*
*Vikurnar 14. Des til 20. Des*

**Mánudaginn 14. des.**
*verður lokað*
**Þriðjudaginn 15. des**
*frá kl 10:00 til kl 18:00*
**Miðvikudaginn 16. des**
*frá kl 10:00 til kl 18:00*
**Fimmtudaginn 17. des**
*frá kl 10:00 til kl 18:00*
**Föstudaginn 18. des**
*frá kl 10:00 til kl 18:00*
**Laugardaginn 19. des**
*frá kl 10:00 til kl 18:00*
Sunnudagurinn 20. Des
verður lokað

*Opið verður lengur ef að þarf.*

***Mynni á gjafabréfin í jólapakkann, hentar bæði konum og körlum sem eiga allt.***

**Jólagjafapakkar:**

***Herra fótsnyrting með paraffínvaxi***
*Kr. 6000,-*
***Nudd og maski***
*Kr. 5200,-*
***Andlitsbað 90 mín og litun og plokkun***
*Kr. 12000,-*

***Tímapantanir í síma 4643200***

*Snyrtipinninn*
*Hólavegur 2 kjallari*
*650 Laugar*
*Sími 4643200*



**FUNDARGERÐ**

**Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar**
**38. fundur**
**í Kjarna fimmtudaginn 26.11. 2009 kl. 10:30**

***Dagskrá:***

1. Fundarsetning:
2. Verkefnastjóri – umsóknir:
3. Veraldarvinir – samstarfsbeiðni:
4. Eldstoðir vegna eldvarnaeftirlits:
5. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 16.11.09:
6. Drög að samningi um rekstur og ábyrgð á fasteignum Hafralækjarskóla:
7. Nefnd um slökkvilið og eldvarnir:
8. Jafnréttisáætlun:
9. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2010 – fyrri umræða:

***Til Kynningar:***
Fundargerð Sorpsamlags Þingeyinga frá 17.11.09:
Fundargerð VERKNAUST frá 18.11.09:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Erlingur Teitsson, Ásvaldur Þormóðsson, Garðar Jónsson, Hlynur Snæbjörnsson, Arnór Benónýsson og Margrét Bjarnadóttir. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

**1. Fundarsetning.**
Oddviti setti fund.

**2. Verkefnastjóri – umsóknir:**
Teknar fyrir umsóknir um starf verkefnastjóra hjá sveitarfélaginu. Alls bárust 12 umsóknir. Samþykkt að ræða nánar við þrjá umsækjendur.

**3. Veraldarvinir - samstarfsbeiðni:**
Lagt fram erindi frá Veraldarvinum um samstarf í atvinnuverkefnum. Sveitarstjórar falið að kanna málið.

**4. Eldstoðir vegna eldvarnaeftirlits:**
Kynnt tilboð frá Eldstoðum um eldvarnareftirlit. Þar sem málið hefur þegar verið sett í annan farveg er ekki hægt að verða við erindinu.

## Ágætu handverkskonur.

Haustfundurinn okkar var haldinn á Fosshóli 21 nóvember s.l. og verður stiklað á því helsta sem þar fór fram í þessum pistli.
Mættar voru 30 konur og gekk ein kona til liðs við okkur á fundinum.
Sumarið hjá okkur á Fosshóli var heilt æfintýri hvað sölu varðaði og voru slegin út öll sölumet fyrri ára. Sjálboðastarfið gekk vel,og vegna mikillar sölu var vörumóttökudögum fjölgað. Og var alveg ótrúlegt hvað alltaf kom inn af vörum frá ykkur, þið eigið hrós skilið.Ekkert var hugsað um sýninguna á Hrafnagili í sumar og var ein ástæðan sú að taka þurfti ákvörðun í maí um það hvort við tækjum þátt eða ekki og var stjórn ekki undir það búinn á þeim tímapunkti að fastsetja þátttöku okkar þar. Lauslega rætt hvor þyrfti ekki að setja á laggirnar sér nefnd sem sæi um Hrafnagilssýninguna og jafnvel annað kynningarstarf á okkar vegum.
Stjórn hefur ákveðið að fela sparisjóðnum að innheimta félagsgjöldin, þar sem konur eru orðnar búsettar svo víða um landið.
Fram fór kynning á verkefninu Þingeyskt og þjóðlegt sem er klasasamstarfs verkefni og gengur út á að viðhalda þjóðlegum menningararfi í handverki, með áherslu á Þingeyjarsýslur.
Umræður um fyrirhugaða lokun Sparisjóðsins á Fosshóli um áramót, og ákveðið að senda stjórn hans ályktun frá fundinum.
Opið verður á Fosshóli á aðventunni sunnudagana 6 des og 13 des og verður vörumótaka þann 6.desember.
Að lokum viljum við hvetja konur sem áhuga hafa á að koma sínum framleiðsluvörum á framfæri að okkar félagsskapur tekur alltaf við nýjum félögum, og þarf endurnýjunar og eflingar við eins og öll önnur félög.
Þökkum samstarfið í sumar.

Njótið aðventunnar.

Stjórnir H.M.H og G.F.M.

# Goðafossveitingar

Verslun og veitingar
í heimabyggð
opið virka daga frá 12-16:30
lokað 5 og 12 des

## Sunnudagurinn 6. des.

Opið frá 13 – 16
Nú er tilvalið að líta uppúr jólaundirbúningnum
Kvenfélagið Ljósvetninga með lukkupakka
Kakó og vöfflur
Tilboð á nammi
oflofl

## 13. des
## Opið frá 13 - 17

kökuhúsasamkeppni
Kökuhlaðborð
Tombóla
Lifand tónlist

Verið velkomin
464-3332 / 898-0444
siddi@sveitarsetrid.is

# Aðventukvöld Einarsstöðum



Aðventukvöld verður á Einarsstöðum næstkomandi sunnudagskvöld, 6. desember klukkan 20:00. Kirkjukórinn syngur, barnakórarnir Laugaþrestir og Þrastarungar syngja. Ræðumaður verður Friðgeir Sigtryggsson. Á eftir býður sóknarnefnd upp á léttar veitingar á Breiðumýri. Einnig verða elstu nemendur Litlulaugaskóla með ýmislegt til sölu á Breiðumýri í fjáröflunarskyni fyrir skólaferð.

Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur.






**HEIÐARBÆR**

SVEFNPOKAGISTING - VEITINGAR - TJALDSVÆÐI - SUNDLAUG

## Sundlaugin í Heiðarbæ

verður opin á miðvikudagskvöldum
Kl. 18:00 – 21:00

Vetrarmatseðill
Hamborgari – franskar
Samlokur m/skinku og osti
Heilsulanglokur

www.heidarbaer.is

sími 464 3903



**Sunnudagar á aðventunni á Fosshóli.**

*Handverk er jólagjöfin.*

Opið verður á **Goðafossmarkaði**
sunnudaginn 6. desember kl 13.00 -16.00.

Tekið verður á móti vörum.

Minnum á gjafakortin.
Verið velkomin.

**Handverkskonur milli heiða og Goðafossmarkaður.**

# Félag þingeyskra kúabænda

Minnir félagsmenn sína á fyrihugað aðventukvöldverð í Vogafjósi 12. desember kl.20:30.

Þátttaka tilkynnist í síðasta lagi laugardagskvöldið 5. desember í síma:

464 3546/898 8306
eða 8681856
eða 4642022.

Þar verða veittar upplýsingar eftir þörfum.



# Aðventukvöld Grenjaðarstað

Aðventukvöld verður á Grenjaðarstað næstkomandi föstudagskvöld, 4. desember klukkan 21:00.

Kirkjukórinn syngur og tónlistarnemendur leika á hljóðfæri.
Ræðumaður verður Dagbjört Bjarnadóttir,
hjúkrunarfræðingur í Mývatnssveit. Á eftir býður
Kirkjukórinn kirkjugestum í kirkjukaffi í gömlu hlöðunni á
Grenjaðarstað.
Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.

# Aðventustund Nesi



Aðventustund verður í Nesi næstkomandi sunnudag, 6. desember klukkan 16:00. Kórinn “IðnuLísurnar” syngur og tónlistarnemendur leika á hljóðfæri.

Ræðumaður verður séra Haukur Ágústsson

Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur.

# Fótsnyrting í Aðaldal

Kvenfélag Aðaldæla býður Aðaldælingum 67 ára og eldri **fótsnyrtingu þann 14. desember í Ýdölum** frá kl. 9:00 og fram eftir degi .

Hafið samband við **Lindu Hrönn í síma 464 3522/ 862 6374**, hún úthlutar tímum.

Vonandi sjáum við ykkur sem flest!

Kvenfélag Aðaldæla

# Bókasafn Reykdæla

Litlulaugaskóla

Lesið verður úr nýjum bókum
Þriðjudagskvöldið 8. desember kl. 20:00-22:00.



Kaffi á könnunni

Allir velkomnir!

ITC Fluga og bókavörður.


46.tbl.
2. desember
2009
16. árg.


# Hlaupastelpan


hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Handverkskonur milli heiða




# Aðventutónleikar!

**Kirkjukór Húsavíkur og Karlakórinn Hreimur**
halda aðventutónleika í
**Þorgeirskirkju fimmtudaginn 3. des kl.20.30 og**
**Húsavíkurkirkju laugardaginn 5. des kl. 17.00**

Þessa tónleika viljum við tileinka
minningu góðs vinar og félaga
Hreiðars Karlssonar.

**Með ósk um notalega aðventu og gleðileg jól.**
**Kirkjukór Húsavíkur – Karlakórinn Hreimur**

